

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldarmerkið,
nr. 34/1944, með síðari breytingum (fánatími).

Flm.: Silja Dögg Gunnarsdóttir, Elsa Lára Arnardóttir,
Þórunn Egilsdóttir, Eygló Harðardóttir.

1. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Fána skal ekki draga á stöng fyrr en klukkan sjö að morgni og skal hann ekki vera uppi lengur en til sólarlags og aldrei lengur en til miðnættis.

Ef flaggað er við útisamkomu, opinbera athöfn, jarðarför eða minningarathöfn má fáni vera uppi lengur en til sólarlags eða svo lengi sem athöfn varir, en þó aldrei lengur en til miðnættis.

Þrátt fyrir ákvæði 2. og 3. mgr. má fáni vera uppi allan sólarhringinn frá 15. maí til 15. ágúst ár hvert eða á öðrum tímum ef hann er flóðlýstur. Nú er fáni flóðlýstur og skal þá gætt að áhrifum lýsingarinnar á nánasta umhverfi.

Með reglugerð skal kveða á um fánadaga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Í sex mánuði eftir samþykkt laga þessara skal ráðuneytið kynna nýjar reglur um notkun þjóðfánans með það að markmiði að auka notkun hans.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var áður flutt á 143., 144. og 145. löggjafarþingi (86., 95. og 56. mál). Frumvarp svipaðs efnis var lagt fram á 141. löggjafarþingi (39. mál) og þingsályktunartillögur um skylt efni á 138., 139., 140. og 141. löggjafarþingi (641., 9., 25. og 524. mál).

Samkvæmt 7. gr. laga um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldarmerkið, nr. 34/1944, skal með reglugerð kveða á um fánadaga og hve lengi dags halda megi fánanum við hún. Í 3. gr. forsetaúrskurðar um fánadaga og fánatíma, nr. 5/1991, segir að fána skuli ekki draga á stöng fyrr en klukkan sjö að morgni og að jafnaði skuli hann ekki vera lengur uppi en til sólarlags og aldrei lengur en til miðnættis. Ef flaggað er við útisamkomu, opinbera athöfn, jarðarför eða minningarathöfn megi fáni vera uppi lengur en til sólarlags eða svo lengi sem athöfn varir, en þó aldrei lengur en til miðnættis.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á 7. gr. laganna til að rýmka þann tíma sem fáninn má vera við hún og auka þannig almenna notkun hans. Lagt er til að efnisákvæði um fánatíma færist í lögin og reglugerð ráðherra lúti því einungis að fánadögum.

Meginefni frumvarpsins er í 3. efnismgr. 1. gr. þar sem lagt er til að heimilt verði að hafa

fánann við hún að nóttu til yfir bjartasta tímann hér á landi, 15. maí til 15. ágúst ár hvert. Þannig þyrfti ekki yfir sumarið að hafa áhyggjur af því að brjóta lögin heldur gæti fáninn verið við hún allan sólarhringinn.

Einnig er lagt til að heimilt verði að hafa fánann við hún að nóttu til á öðrum tímum árs ef hann er flóðlýstur. Hafa ber í huga að umrædd lýsing raski ekki um of nánasta umhverfi, sbr. ákvæði byggingarreglugerðar nr. 112/2012 um ljósmengun, einkum 1. mgr. í grein 10.4.2.

Fánareglur á Norðurlöndunum.

Svo virðist sem íslenskar reglur um notkun fánans séu rýmri en annars staðar á Norðurlöndunum. Í Noregi má draga fánann að hún kl. 8 frá mars til október en kl. 9 frá nóvember til febrúar. Þá skal taka fánann niður við sólsetur en ekki seinna en kl. 21 ef sólin sest síðar en þá. Í Danmörku skal ekki draga fánann að hún fyrir kl. 8 og hann skal taka niður við sólsetur. Þá má hafa fánann dreginn að hún eftir sólsetur ef hann er upplýstur en tekið er fram í handbók um danska fánann að venjuleg götulýsing nægi til dæmis ekki. Í Svíþjóð gildir svipuð regla og í Noregi, þ.e. að frá mars til október má flagga frá kl. 8 og frá nóvember til febrúar frá kl. 9 og skal taka fánann niður í síðasta lagi kl. 21 en hann má vera lengur við hún ef hann er upplýstur.